

## ☒ Re: Endurbætur á Dyrhólavegi, Mýrdalshreppi

Búið til	30.4.2021 14:24:39
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	30.4.2021 14:24:37
Tilheyrir	📁 202104-0024 - Endurbætur á Dyrhólavegi, Mýrdalshreppi

### Efni

Re: Endurbætur á Dyrhólavegi, Mýrdalshreppi

### Upplýsingar

Sent	30.4.2021 14:24:37	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	Tinna.Jonsdottir@skipulag.is

### Innihald

Tilvísun í mál nr.: 202104-0024 (LÁ)

Í bréfi frá Skipulagsstofnun, dags. 13. apríl 2021, er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um kynningu framkvæmda Vegagerðarinnar vegna endurbóta á Dyrhólavegi (218-02) í Mýrdalshreppi. Fyrirhugað er að leggja klæðningu á Dyrhólaveg í því vegarstæði sem hann liggur nú, með lágmarks raski. Vegurinn er 1,4 km langur og hlykkjast upp Dyrhóley að bílastæði sem er þar og áfram að Dyrhólaeyjarvita.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir erindið og tekur undir að framkvæmdinni fylgja lítil umhverfisáhrif á vistgerðir og fugla. Fram kemur að framkvæmdin verður eftir að fuglavarpi er lokið þ.e. í september.

Náttúrufræðistofnun telur hins vegar umhugsunarvert að bætt aðgengi að Háey gefur möguleika á vaxandi fjölda ferðamanna. Umhverfisstofnun hefur lagt í mikla vinnu og úrbætur á innviðum fyrir ferðamenn í Dyrhólaey á síðustu árum (sjá Ástandsmat áfangastaða innan friðlýstra svæða Skýrsla 2020 <https://ust.is/library/sida/Nattura/%c3%81standsmat%20fer%c3%b0amannasta%c3%b0a%20innan%20fri%c3%b0l%c3%bdstra%20sv%c3%a6%c3%b0a-2020%20yfirlestur.pdf> (https://ust.is/library/sida/Nattura/%c3%81standsmat%20fer%c3%b0amannasta%c3%b0a%20innan%20fri%c3%b0l%c3%bdstra%20sv%c3%a6%c3%b0a-2020%20yfirlestur.pdf)). Á svæðinu eru tveir landverðir UST sem fylgjast með svæðinu yfir varptíma, en einungis einn heilsárs landvörður.

Í framangreindu ástandsmati Umhverfisstofnunar var Dyrhólaey skráð árið 2020 sem grænn áfangastaður, en hafði árin þar áður verið appelsínugulur áfangastaður sem þýðir „...hugsanleg hættu er á því að svæðið tapi verndargildi sínu og þörf er á aðgerðum til afstýringar“. Líklegt er að ástand Dyrhólaeyjar hafi batnað á

síðasta ári þar sem færri ferðamenn komu til landsins en árin þar á undan og eins vegna aukinnar innviðauppbýggingar Umhverfisstofnunar innan friðlandsins.

Yfir varptíma er fuglalíf Dyrhólaeyjar viðkvæmt fyrir hverskonar truflun og fjölgun ferðamanna eykur enn frekar á þá hættu. Þá þarf einnig að taka tillit til aukinnar slyshættu á svæðinu samfara fjölgun ferðamanna.

Betri vegir og stærri bílastæði bæta aðgengi ferðamanna að friðlandinu Dyrhólaey. Náttúrufræðistofnun Íslands telur brýnt að þolmörk svæðisins verði könnuð til að fá mat á það hvað friðlandið getur tekið á móti mörgum gestum án þess að gengið sé á náttúrufar og verndargildi svæðisins.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Tinna Jónsdóttir - SLS" <Tinna.Jonsdottir@skipulag.is>  
**To:** "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI" <Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is>  
**CC:**  
**Subject:** Endurbætur á Dyrhólavegi, Mýrdalshreppi  
**Date:** 13.4.2021 15:26:53

Góðan dag,

Meðfylgjandi er umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun varðandi endurbætur á Dyrhólavegi, Mýrdalshreppi ásamt greinargerð. Frestur til að skila inn umsögnum er til 30. apríl n.k. Gögnin hafa einnig verið póstlögð.

Með kveðju,/ Kind regards,

---

**Tinna Jónsdóttir**

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment  
Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland  
sími 595 4100  
[Tinna.Jonsdottir@skipulag.is](mailto:Tinna.Jonsdottir@skipulag.is)  
[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)  
[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)



## Viðhengi

image001.png (5 KB)